

---

# Fundargerð ársfundar 2021

---

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands

---

Aðalfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands haldinn þann  
4. júní 2021 kl. 16:00 Í útibúi Landsbankans Austurstræti 11.

---

---

Gögn sem lágu fyrir fundinum og höfðu jafnframt verið kynnt á heimasíðu sjóðsins:

- Ársreikningur ársins 2020

Sigurgísli Ingimarsson, formaður stjórnar sjóðsins setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann tilnefndi Börk Thoroddsen, tannlækni, í starf fundarstjóra. Ekki voru gerðar athugasemdir við þessa tilnefningu og var hún samþykkt með lófataki.

Börkur Thoroddsen tók til máls og þakkaði fundarmönnum traustið og tilnefndi Pétur Pétursson, starfsmann Landsbankans, í starf fundarritara.

### **Dagskrá fundarins:**

1. Skýrsla stjórnar - Sigurgísli Ingimarsson
2. Kynning ársreiknings- 2020  
- Ólafur Páll Gunnarsson
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt 2020  
- Bjarni Guðmundsson
4. Fjárfestingarstefna 2020  
- Ólafur Frímann Gunnarsson
5. Kosning stjórnar
6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
7. Laun stjórnarmanna
8. Kjör endurskoðanda
9. Önnur mál

---

# 1. Skýrsla stjórnar

Sigurgísli Ingimarsson flutti skýrslu stjórnar:

„Fundarstjóri, sjóðfélagar og aðrir fundargestir, Rekstrarár Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands árið 2020 var að mörgu leyti afar sérstakt. Covid faraldurinn setti mark sitt á starfsemi tannlækna sem var gert að loka starfstöðvum sínum í sex vikur á vordögum. Blikur voru á lofti í samfélaginu og allt benti til að rekstrarárið yrði því LTFÍ óhagfelld. Staðreyndin var hins vegar önnur og ávöxtun sjóðsins var afar góð og raunávöxtun beggja deilda sjóðsins þ.e. séreigna- og sameignadeildar var 8% miðað við vísitölu neysluverðs sem hlýtur að teljast afar góð ávöxtun í ljósi aðstæðna. Einnig ber á það að líta að langtímaraunávöxtun sjóðsins er afar góð og er meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára 5,0% sem er einhver al hæsta langtíma ávöxtun sambærilegra lífeyrissjóða. Eðli málsins samkvæmt er ávöxtun lífeyrissjóðanna afar háð almennu efnahagsástandi á Íslandi. Þannig reyndist faraldurinn samfélaginu dýrkeyptur og voru efnahagsáhrifin veruleg þar sem hagvöxtur var neikvæður um 6,6% og verðbólga jókst verulega og var 4,5% í árslok og hefur áfram haldist há. Stýrivextir Seðlabankans héldust lágir eða 0,75% út árið. Slíkt kann þó að hafa verið tvíbent vopn í þessari efnahagslæð því annars vegar voru vextir lágir á skuldum heimila og fyrirtækja en á hinn bóginn leiddu þeir til aukinnar lántöku einstaklinga til húsnæðiskaupa sem leiddi til mikillar hækkunar fasteignaverðs sem aftur var fóður á verðbólguþálið. Atvinnuleysi var í hæstu hæðum eða 15%. Gengi krónunnar gaf verulega eftir eða um 10%. Skuldir ríkissjóðs jukust hratt vegna ótal úrræða sem þurfti að grípa til af hálfu ríkisvaldsins til að halda efnahagslífinu gangandi og jukust skuldir ríkissjóðs um 240 milljarða á árinu 2020 og munar um minna. Halli ríkissjóðs er nú 330 milljarðar sem verður að teljast hár. Í þessu sambandi ber þó að nefna að sú staðreynd að fjármálaráðherra hafði rekið afar aðhaldssama stefnu í fjármálum ríkisins og greitt markvisst niður skuldir ríkisins á undanförunum árum þannig að skuldahlutfall íslenska ríkisins var eitt það lægsta innan OECD og vorum við þannig sem þjóð vel í stakk búin til að glíma við þau efnahagsáföll sem skulu á okkur með Covid faraldrinum. Þannig er ólíku saman að jafna ástandi ríkisfjármála nú eða þegar við glímdum við efnahagsáföllin í kjölfar bankakreppunnar árið 2008. Ég tek því hatt minn ofan fyrir okkar ágæta fjármálaráðherra fyrir hans stefnufestu í fjármálum ríkisins s.l. 6 ár. Án slíkrar stefnufestu hefði „efnahagslendingin“ á þessu Covid ári orðið okkur öllum Íslendingum afar hörð. Miklar hömlur urðu

á ferðalögum Íslendinga til útlanda sem var að því leyti til jákvætt að einkaneysla á heimamarkaði jókst verulega. Þannig má segja að verslun og ýmiss konar þjónusta blómstraði sem aldrei fyrr. Ferðaþjónustan lagðist algerlega á hliðina og þar með var stærsti gjaldeyrisskapandi atvinnuvegur þjóðarbúsins án virkni. Þetta beinir enn og aftur athygli að því hversu fábreytt íslenskt atvinnulíf er í raun og veru. Við byggjum efnahaginn á of fáum stöðum. Í faraldri sem þessum hverfa ferðamenn og eftirspurn eftir því sem hin meginstöðin þ.e. sjávarútvegur hefur upp á að bjóða dróst verulega saman. Þetta sýnir enn og aftur að nauðsynlegt er að skjóta frekari stöðum undir efnahagslífið. Samkeppnishæfni er nokkurs konar heimsmeistaramót þjóða í lífsgæðum. Þar skipta fjórir þættir meginmáli menntun, innviðir, nýsköpun, og starfsumhverfi. Nauðsynlegt er að búa í haginn fyrir þekkingardrífinn atvinnurekstur og bjóða heim erlendri fjárfestingu í mun meira mæli. Til að slíkt megi þó verða að veruleika þarf að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja bæði hvað varðar skattastefnu og ekki síður launastefnu. Forystumenn verkalyðs- og stéttarféлага verða að stíga út úr þeirri „hliðarveröld“ sem þeir virðast fastir í. Laun hér á landi eru algerlega úr takti við þau lönd sem við berum okkur saman við og hafa hækkað langt fram úr fjármagnsgetu fyrirtækja. Hinn svo nefndi lífskjarasamningur var óheillaspor og mun einvörðungu leiða til aukinna uppsagna og kalla á hærra vaxtastig og viðhalda áfram háu verðbólgu-stigi.

Innlendir verðbréfamarkaðir voru með líflegasta móti á árinu þrátt fyrir faraldurinn sem skýrir góða raunávöxtun lífeyrissjóða. Þannig hækkaði úrvalsvísitalan um fimmting á síðasta ári en heildarhækkun skráðra bréfa nam nærri fjórðungi á árinu í 600 milljarða viðskiptum sem voru eilítið minni en frá fyrra ári.

Skuldabréfavísitölur hækkuðu einnig á árinu, um milli 6 og 7%, en veltan með skuldabréf jókst um fjórðung í kauphöllinni á síðasta ári samanborið við árið áður og voru heildarviðskipti með skuldabréf 1.770 milljarðar króna. Þannig hækkaði óverðtryggða skuldabréfavístala kauphallarinnar um 6,5% og sú verðtryggða um 6,8%. Ánægjulegt er að geta þess að áhugi almennings á verbréfavíðskiptum tók verulegan kipp og gefur það vonir um enn virkari markað. Skýrasta dæmið um þetta var útboð bréfa í Icelandair þar sem færri komust að en vildu. Það er einnig ánægjuefni að íslenski markaðurinn hefur verið tekinn inn í vísitölu MSCI, sem mun án efa vekja áhuga erlendra fjárfesta á íslenskum verð-

---

bréfamarkaði sem styrkir hann en frekar og eflir um leið erlenda fjárfestingu.

Ávöxtun helstu erlendra hlutabréfamarkaða var, þrátt fyrir Covid faraldurinn með tilheyrandi efnahagsóvissu og áframhaldandi óvissu með niðurstöðu Brexit, ásættanleg á árinu. Breytingar á erlendum hlutabréfavísitölum gefa góða mynd af þróun hlutabréfaverðs í heiminum.

Árið 2020 hækkaði heimsvísitala hlutabréfa MSCI sem mælir gengi rúmlega 1.600 hlutabréfa í heiminum, um 16,5% í USD. Evrópska hlutabréfavísitalan Euro Stoxx 50 lækkaði um 6% í evrum. Bandarísku hlutabréfavísitölurnar hækkuðu einnig. Þannig hækkaði Dow Jones um 8% í mynt og SP 500 hækkaði um 18,5% í mynt. Veiking íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum á árinu 2020 hækkaði ávöxtun í krónum á tímabilinu. Vextir eru enn í sögulegu lágmarki í flestum löndum á evrusvæðinu og fleiri löndum. Bandaríski Seðlabankinn heldur stefnu sinni varðandi lága vexti og verður svo a.m.k næstu 3 til 4 ár. Lágt vaxtastig hefur endurspeglast í lágri ávöxtun á flestum skuldabréfamörkuðum erlendis en hefur stutt við hlutabréfamarkaði. Í þessu sambandi er vert að minnast á að stjórn norska olíusjóðsins sem er stærsti fjárfestir heimsins, ákvað að beina fjárfestingum sínum í auknum mæli að bandaríska hlutabréfamarkaðinum fremur en þeim evrópska. Það má þannig segja að þeir taki undir stefnu stjórnar LTFÍ í þessum efnunum en það hefur lengi verið okkar stefna að beina erlendum fjárfestingum að bandaríska hlutabréfamarkaðinum fremur en að sundurleitum evrópskum markaði.

Stjórn Lífeyrissjóðs Tannlækna hélt markvisst áfram að auka erlenda eignastöðu sjóðsins og er hún nú vel yfir 30% eigna sjóðsins og stefnt er að því að hún aukist enn frekar. Þetta er ekki síst mikilvægt í því lágvaxtaumhverfi sem búum við núna og mun líklega vera komið til með að vara næstu árin. Við, eins og aðrir lífeyrissjóðir, munum þurfa að sækja meira í áhættusamari fjárfestingar til að ná því viðmiði sem okkur er sett í lögum þ.e. að ávaxta eignasafnið um 3,5% að raungildi. Það olli mér því vissum áhyggjum er seðlabankastjóri fór þess á leit á síðasta ári, og fékk reyndar samþykkt, að lífeyrissjóðirnir stöðvuðu alfarið erlenda fjárfestingu fram til haustsins. Þarna fóru förgörðum mörg góð ávöxtunartækifæri enda höfðu markaðir, sérstaklega fyrir vestan haf, tekið mikla dýfu í fyrstu bylgju Covid faraldursins. Síðan var það reyndar lögfest að fjármálayfirvöld geta gripið til gjaldeyrishafta þegar þau telja svo þykja. Þetta

er umhugsunarvert sérstaklega þegar horft er til erlendar fjárfestingar á íslenskum fjármálamarkaði. Það skaut einnig skökku við er seðlabankastjóri setti ofan í við stjórnendur lífeyrissjóða er þeir sýndu útboði nýrra skuldabréfaflokka ríkissjóðs lítinn áhuga og vísaði til samfélagsábyrgðar. Það er nú einu sinni svo að lífeyrissjóðirnir eru ekki hagstjórnartæki sem stjórnvöld geta gripið til þegar gefur á bátinn. Okkur stjórnendum lífeyrissjóða er einvörðungu ætlað að taka við lífeyri sjóðfélaga, sjá um að ávaxta hann með besta mögulegum hætti og greiða hann svo út til sjóðfélaga. Svo einfalt er það. Heildareignir lífeyrissjóðanna voru rúmir 6.000 milljarðar í lok árs 2020 og ávöxtunarpörf þeirra er um 330 milljarðar króna á ári sem er mun meira en íslenskur verðbréfamarkaður býður upp á þannig að það gefur augaleið að erlend fjárfesting verður að aukast jafnt og þétt. Það er í þessu sambandi vert að vekja athygli á því að félagslegt fjármagn í lífeyrissjóðum velferðarkerfisins er tvöfalt meira en öll árleg framleiðsla þjóðarþúsins og vex hröðum skrefum. Það er styrkleiki. Til þess að tryggja eðlilega áhættudreifingu og hindra bráða hættu á sjálfvirkum samruna lífeyrissjóða og ríkissjóðs í gegnumstreymiskerfi þarf að fjárfesta meirihluta lífeyrissparnaðarins erlendis. Í þessu sambandi má nefna að norski olíusjóðurinn er einvörðungu með 4% af eignasafni sínu í norskum verðbréfum. Að þessu sögðu vil ég þó nefna að íslenska lífeyrissjóðakerfið er vel rekið í erlendum samanburði og ávaxtar eignir sjóðfélaga sinna vel í samanburði við lífeyriskerfi þjóða innan OECD. Það er því áhyggju-efni að nú er komið fram frumvarp á Alþingi um allverulegar breytingar á lögum um lífeyrissjóði. Ef þessi lög ná fram að ganga verða gerðar talsverðar breytingar í þá átt að útgreiðslur úr séreignarsjóðum skerði réttindi lífeyrisgreiðslna frá almanna-tryggingum. Auk þess munu þessi lög auka flækjustig og kostnað lífeyriskerfisins verulega. Þannig skaðar þetta ímynd lífeyriskerfisins í heild sinni. Undirritaður hefur verið í sambandi við stjórnendur sambærilegra lífeyrissjóða og var meðhöfundur greinar um gagnrýni á þetta lagafrumvarp í viðskiptakálfri Fréttablaðsins nú í vor.

Eins og svo oft áður þá nefni ég að þjóðin eldist og hún eldist býsna hratt og við lífum mun lengur. Á sama tíma fækkar vinnandi höndum hlutfallslega vegna m.a. minnkandi fæðingartíðni. Ungu fólkið skilar sér æ seinna út á vinnumarkaðinn vegna lengri námstíma. Þannig mun um miðbik aldarinnar fólk á vinnualdri (25 – 65 ára) þurfa að framfleyta fleira eldra fólki en yngra, öfugt við það sem nú er.

---

Þannig verður framfærslubyrðin sem hvílir á hinum vinnandi, gegnum skatt- og lífeyriskerfið æ þyngri með hverjum áratug sem líður. Á sama tíma eykst ólifufð meðalævi einstaklinga á lífeyri jafnt og þétt sem eykur framtíðarskuldbindingar lífeyrissjóða verulega. Það er því afar mikilvægt að hver og einn gæti vel að sínum lífeyrismálum.

Þótt þjóðin sé að eldast og fólksfjölgun fremur hægt, þá eru Íslendingar nú, og verða um sinn, mun yngri en flestar Evrópuþjóðir. Árið 2060 er því spáð að þriðjungur Evrópuþjóða verð eldri en 65 ára en einungis fjórðungur Íslendinga.

Þetta mun þó þýða aukið umfang samfara verulegum útgjaldaauka fyrir íslenska heilbrigðiskerfið og gert er ráð fyrir að opinber útgjöld til heilbrigðismála muni tvöfaldast á Íslandi á næstu áratugum og verða 14% af landsframleiðslu árið 2060.

Að þessu sögðu þá höfum við í stjórn LTFÍ fylgt afar varfærinni stefnu í fjárfestingum okkur á s.l. ári.

Í lok ársins lagði stjórn og rekstraraðili Lífeyrissjóðs Tannlækna ítarlega vinnu í mótun fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2021.

Viðhaldið verður vægi ríkisskuldabréfa og skulda-  
bréfa traustra fyrirtækja. Má í því sambandi nefna að LTFÍ tók þátt í útboði Síldarvinnslunnar hf. og var á meðal fárra lífeyrissjóða sem gat fjárfest í bréfum í því trausta fyrirtæki. Áfram verður boðið upp á lán til sjóðfélaga.

Lífeyrissjóður Tannlækna er að stærstum hluta séreignarsjóður og geta sjóðfélagar valið fjórar leiðir við öflun lífeyrisréttinda og lágmarkstrygginga-  
verndar.

Með breytingum á lögum um lífeyrissjóði árið 2008 var sjóðfélögum er náð hafa 60 ára aldri heimilt að taka út alla frjálstu séreignina sína. Þó ólíklegt sé að sjóðfélagar nýti sér þessa heimild í stórum stíl þá þarf sjóðurinn að vera undir slíkt búinn. Þannig tekur fjárfestingarstefna og eignasamsetning tillit til þessa og er því stærstur hluti sjóðsins seljanlegur á skömmum tíma. Þannig voru í lok árs 2020 um 86% eigna séreignardeildar seljanlegar innan viku á ásættanlegu verðbili. Sjóðurinn verður því teljast vel í stakk búinn til að bregðast við óvæntu útlæði án þess að rýra eignir þeirra sjóðfélaga er eftir verða í sjóðnum. Einnig er sjóðnum afar mikilvægt að nýgengi inn í sjóðinn sé jafnt og þétt. Þannig heldur stjórn sjóðsins ár hvert ítarlega kynningu á sjóðnum fyrir unga tannlækna og tannlæknanema. Það hefur skilað verulega góðum árangri og má segja að

það heyri til algerrar undantekningar ef nýútskrifaðir tannlæknar ganga ekki í sjóðinn.

Lífeyrissjóður Tannlækna stendur vel undir framtíðarskuldbindingum sínum og er tryggingafræðileg staða hans góð þó hún hafi aðeins versnað milli ára og mun Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur skýra þau mál nánar. Það er vert að rifja það enn á ný upp í þessu sambandi að Lífeyrissjóður Tannlækna hefur aldrei þurft að grípa til þess að rýra útgreiðslur til sjóðfélaga. Það felast einnig margvíslegir kostir í smæð sjóðsins og má þar helst nefna að slíkur sjóður er mun betur í stakk búinn til að bregðast við breyttum aðstæðum á markaði. Þannig hreyfist gengi á markaði lítt við hreyfingar okkar í fjárfestingum sem gefur okkur að mörgu leyti ákveðið forskot.

Ég vil enn og aftur vekja athygli á nánd þeirri sem hinn almenni sjóðfélagi í okkar góða sjóði hefur við stjórnarmenn sem eru jú starfsbræður hans. Vert er einnig að nefna hið fullkomna sjóðfélagalyðræði sem ríkir innan LTFÍ. LTFÍ býður upp á enn meiri séreignarsöfnun en flestir aðrir lífeyrissjóðir, sem vel að merkja er erfanleg og einnig er vert að nefna að örorkubyrði sjóðsins er sú allra lægsta meðal lífeyrissjóða innan almenna lífeyriskerfisins. Lífeyrissjóður Tannlækna er lýsandi dæmi um sjóð þar sem einvörðungu „eigendur“ sitja í stjórn og það get ég fullyrt að fjárfestingar og aðhald í rekstri markast af því.

Í ljósi þessa og þeirra staðreynda er ég benti fyrr á varðandi breytta aldurssamsetningu þjóðarinnar ætti því að vera öllum ljóst að þeir tannlæknar sem hafa kosið að ganga í Lífeyrissjóð Tannlækna hafa valið rétt.

Rekstri sjóðsins er sem fyrr útviðað til Landsbankans og stjórn sjóðsins fundaði reglulega árinu samkvæmt fundaráætlun með framkvæmdastjóra og fjárfestingastjóra sjóðsins.

Á milli reglubundinna funda átti formaður stjórnar fundi með framkvæmdastjóra sjóðsins um mál sem upp komu milli reglubundinna stjórnar LTFÍ. Nú á vormánuðum var undirritaður kallaður til fundar hjá Fjármálaeftirlitinu. Ég átti þar æði langan en góðan fund þar sem ég var spurður spjörunum úr varðandi rekstur og ýmis mál er varða LTFÍ. Starfsmönnum FME var tíðrætt um einsleitni stjórnar og hvert við sæktum okkur faglegra ráðgjöf. Ég bent á árangur sjóðsins undangengin ár og taldi að lögfræðingar og hagfræðingar á himinháum stjórna-  
launum væru ekki að skila betri árangri en við

---

tannlæknar í stjórn LTFÍ. Þær kvöddu mig að lokum eftir tæplega tveggja klukkustunda fund með þeim orðum að ég hefði svarað öllum þeirra fyrirspurnum með viðunandi hætti. Ég á því síður von á öðru svona erindi frá FME á næstu árum.

Eins og áður sagði þá er rekstri LTFÍ útvistað til Landsbankans og hefur það samstarf gengið hnökralaust og í raun afar vel. Stjórn LTFÍ getur því á engan hátt tekið undir neikvæða gagnrýni frá Fjármálaeftirlitinu vegna slíks samstarfs. Stjórn LTFÍ er á hverjum tíma afar vel upplýst um fjárfestingar og starfsemi rekstraradila sjóðsins. Þannig geta stjórnarmenn LTFÍ verið virkir þátttakendur í öllum meiri háttar fjárfestingarákvörðunum er varða sjóðinn.

Endurskoðunarnefnd LTFÍ starfaði á síðasta ári samkvæmt skipunarbréfi. Nefndarmenn hennar, skipaðir af stjórn LTFÍ voru Gísli Vilhjálmsson og Þórólfur Ólafsson, tannlæknar og Jón Gunnsteinn Hjálmarsson, löggiltur endurskoðandi.

Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila svo og virkni innra eftirlits og áhættustýringu. Enn fremur eftirlit með endurskoðun ársreiknings, mat á óhæði endurskoðanda svo og að koma með tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda til næsta árs.

Starf í stjórn lífeyrissjóðs krefst þekkingar og reynslu. Slík reynsla og þekking næst aðeins á löngum tíma og því er mikilvægt að velja í stjórnun sé fremur hægfara. Það er því mikil gæfa fyrir okkar litla en öfluga lífeyrissjóð að til stjórnarstarfa hafa valist einstaklega öflugir stjórnarmenn með brennandi áhuga fyrir lífeyrismálum. Okkur hefur tekist að starfa sem sjálfstæð eining og seint mun ég leggja til samruna við annan lífeyrissjóð. Sporin hræða í þeim efnum og er skemmst að minnast er stjórn eins stærsta lífeyrissjóðs landsins var rudd vegna aðkomu forystu verkalýðsfélags sem ekki var sáttt við stefnu stjórnar. Þannig var gengið harkalega að óhæði stjórnar sem um leið tapaði algerlega trúverðugleika sínum gagnvart sjóðfélögum. Uppákoma sem þessi væri algerlega óhugsandi í Lífeyrissjóði Tannlækna.

Að lokum vil ég þakka öllum félögum mínum í stjórn fyrir afar ánægjulegt og árangursríkt samstarf á síðasta ári svo og ágætu starfsfólki Landsbankans og vil ég þar sérstaklega nefna Ólaf Pál Gunnarsson framkvæmdastjóra LTFÍ.

Ég horfi því sem fyrir björtum augum fram á veginn og vona að næsta rekstrarár verði LTFÍ hagfelld og þakka ég fyrir mig.

Lifið heil.“

---

## 2. Ársreikningur 2020

Fundarstjóri gaf því næst Ólafi Páli Gunnarssyni orðið og gerði hann grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2020. Ársreikningur var lagður fram á fundinum sem var áritaður af óháðum endurskoðanda þann 29. apríl 2021. Ársreikningurinn var staðfestur af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaður af

endurskoðanda sjóðsins þann 29. apríl 2021. Ólafur fór yfir lykiltölur í ársreikningnum. Ársreikningur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands er birtur í einu lagi bæði séreigna og sameignadeild. Ársreikninginn ásamt skýringum má nálgast á heimasíðu sjóðsins.

---

### 3. Tryggingafræðileg úttekt 2020

Bjarni Guðmundsson tryggingarstærðfræðingur fékk næst orðið og gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt sjóðsins á árinu 2020. Fram kom að úttektin væri aðgengileg í ársreikningi á heimasíðu sjóðsins og fundarmenn gætu glöggvað sig betur á henni þar. Bjarni gerði einnig grein fyrir reikniforsendum úttektarinnar og aðferðum. Kom jafnframt fram í máli Bjarna að úttektin sneri eingöngu að samtryggingardeild sjóðsins.

Samkvæmt útreikningum Bjarna voru heildareignir samtryggingardeildar 0,2% hærrí en heildarskuldbindingar deildarinnar. Áfallin staða væri jákvæð

um 159,1 m.kr. eða 10,3% af áfallinni skuldbindingu. Þegar tekið hefdi verið tillit til framtíðar væru heildarskuldbindingar 6 m.kr. lægri en eignir og tryggingafræðileg staða þar með 0,2%. Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt fyrir árið 2019 var heildaskuldbinding sjóðsins neikvæð sem nemur 0,7%. Samkvæmt 39. gr. laga nr. 129/1997, um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða má munur á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga ekki vera meiri en 10%. Sama gildir ef munur á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.

---

### 4. Fjárfestingarstefna 2021

Fundarstjóri gaf Ólafi Frímanni Gunnarssyni orðið og hann fór yfir fjárfestingarstefnu 2021. Fjárfestingarstefnan var samþykkt af stjórn sjóðsins þann 26. nóvember 2020 og má hana finna á heimasíðu sjóðsins. Hlutfall sjóðfélaga sem hafa náð 60 ára aldri er 65% og þarf því stórt hlutfall af eignum sjóðsins að vera í eignum sem teljast seljanlegar, þ.e. að hægt sé að selja eignirnar á ásættanlegu verðbili á tiltölulega skömmum tíma. Hlutfall seljanlegra eigna er rúmlega 90% af eignum sjóðsins.

Engar breytingar voru gerðar á fjárfestingarstefnu sjóðsins á milli ára.

**Fundarstjóri, sagði orðið laust ef einhver fundarmanna vildi gera athugasemd við fyrstu fjóra liðina á dagskrá fundarins.**

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir vegna dagskrárliða nr. 1 til 4. Engar spurningar voru bornar upp. Fundarstjóri bar því næst ársreikning ársins 2020 fram til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

---

### 5. Kosning stjórnarmanna

Kjósa þurfti tvo stjórnarmann til þriggja ára. Tvö framboð höfðu borist fyrir fundinn, Gísli Vilhjálmsson og Sigurgísli Ingimarsson. Engin fleiri framboð bárust á fundinum og fengu Gísli og Sigurgísli því einróma kosningu.

---

### 6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Tillögur til samþykktarbreytinga þurfa að berast stjórn sjóðsins með skriflegum hætti fjórum vikum fyrir ársfund. Engar samþykktarbreytingar voru lagðar til að þessu sinni.

---



---

## 7. Ákvörðun um laun stjórnar

Formaður stjórnar fékk orðið og gerði grein fyrir tillögu stjórnar um þóknun til stjórnarmanna. Samkvæmt henni skyldu stjórnarlaun hækka um 11% frá fyrra ári. Stjórnarlaun verði 37.740 kr., fimmfalt

fyrir stjórnarmann eða 188.700 kr. og tvöfalt fyrir varaformann eða 75.480 kr.

Fundarstjóri bar tillögu undir fundarmenn og var hún samþykkt með öllum atkvæðum.

---

## 8. Kjör endurskoðanda

Tillaga stjórnar að endurskoðanda sjóðsins árið 2021 var: Baker Tilly endurskoðun (áður Rýni endurskoðun), Suðurlandsbraut 18. Fundarstjóri bað

fundarmenn að gefa merki um afstöðu þeirra til tillögunnar. Enginn var á móti og var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

---

## 9. Önnur mál löglega borin fram

Engin önnur mál voru til umræðu.

### **Fundi slitið kl. 17:00**

Á fundinn voru mættir 6 sjóðfélagar sem fara samtals með 4,2% af atkvæðarétti.

